

## Svar

### menningar- og viðskiptaráðherra við fyrirspurn frá Daniel E. Arnarssyni um Íslenska dansflokkinn.

1. *Hefur ráðherra í hyggju að útvega Íslenska dansflokknum varanlegt húsnæði?*

Undanfarin ár hafa viðræður átt sér stað á milli Íslenska dansflokksins og fyrrum mennta- og menningarmálaráðuneytis um varanlegt húsnæði fyrir Íslenska dansflokkinn. Ýmsir möguleikar hafa verið kannaðir í því skyni. Í fjármálaáætlun ríkisstjórnarinnar fyrir árin 2023-2027 kemur fram að unnið verður að því á tímabilinu að bæta húsnæðismál Íslenska dansflokksins.

2. *Hvers vegna hefur hækkun framlaga til Íslenska dansflokksins ekki haldist í hendur við hækkun framlaga til annarra sviðslistahópa sem starfa með stuðningi ríkisins?*

Starfsemi Íslenska dansflokksins var lögfest í nýjum lögum um sviðslistir sem tóku gildi 1. júlí 2019. Með lögunum er skotið styrkum stöðum undir starfsemi Íslenska dansflokksins og hún fest í lög í fyrsta sinn sem fullgild ríkisstofnun og þar með tryggð sambærileg staða hvað varðar danslist og Þjóðleikhúsið nýtur á sviði leiklistar. Það er því örðugt að bera stöðu Íslenska dansflokksins saman við stöðu annarra sviðslistahópa.

3. *Eru framlög, laun, húsnæði og umfang sviðslistahópa sem starfa með stuðningi íslenska ríkisins samræmd hjá ráðuneytinu?*

Ráðuneytið gerir rekstrarsamninga við menningarfélög og sjálfseignarstofnanir. Hvernig þessir aðilar reka sig er með ýmsu móti og á þeirra ábyrgð. Ríkisstofnanir á sviði sviðslista eru aftur á móti á fjárlögum.

Hvað launakostnað varðar gerir ríkið kjarasamninga á grundvelli laga um kjarasamninga opinberra starfsmanna, nr. 94/1986, annars vegar og laga um stéttarfélög og vinnudeilur, nr. 80/1938, hins vegar. Fjármála- og efnahagsráðherra fer með fyrirvar ríkissjóðs við gerð kjarasamninga og skipar samninganefnd til að annast samninga fyrir sína hönd. Hún starfar í nánum tengslum við kjara- og mannauðssýslu ríkisins sem starfar í umboði ráðherra og er í forsvari fyrir ríkið sem vinnuveitanda.